



346. fundur Afrekssjóðs ÍSí

21. nóvember 2025 kl. 16.00

Mætt öll á Teams

Stjórn: Pórey Edda Elísdóttir formaður (PE), Stefán Jóhannesson (SJ), Kári Mímisson (KM), Birna Lárusdóttir (BL)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Kristín Birna Ólafsdóttir Afrekssjófi ÍSí (KBÓ).

Fjarverandi: Daníel Jakobsson (DJ)

BL yfirgaf fundinn kl. 12.31

1. Flokkun sérsambanda.

Umræða fór fram um flokkun sérsambanda í afrekshlokka. Lagt var til að flokkun sérsambanda í Afrekssérsambönd og Verkefnasérsambönd yrði óbreytt frá fyrra ári að undanskildu TKÍ.

Umræða fór fram um hvort KÍ uppfylli skilyrði þess að vera Afrekssérsamband. Lagt fyrir KSR að fá frekari rök frá sérsambandinu.

Umræða fór fram um flokkun annarra sérsambanda. Ekki er talið að skilyrði séu uppfyllt hjá fleiri verkefnasamböndum til að færa þau í flokk Afrekssambanda.

Umræða fór fram um árangursflokkun Afrekssérsambanda. Nokkur sérsambönd eru að færast til á árangurskvarðanum og voru þau skoðuð sérstaklega.

2. Ferðastyrkur vegna ÓL þátttöku.

Umræða fór fram um hvort styrkja ætti ÓL þátttöku 2026 í umfangi. Rætt var að langtærstur hluti af beinum kostnaði sérsambandanna við leikana væri greiddur af ÍSí og hvort rétt væri að greiða að auki ferðakostnað. Þyrfti að gæta að samræmi við leikana í París 2024 og stuðning við sérsamböndin þá. KSR falið að skoða málið frekar.

3. Úthlutun starfslauna þjálfara

Umræða fór fram um starfslaun þjálfara. Framkvæmdastjórn væri búin að samþykkja tillögu um starfslaun íþróttafólks en ekki væri búin að klára vinnu við starfslaun þjálfara. Lagt fyrir KBÓ að vinna áfram að því að klára þá vinnu með AMÍ.

4. Einstaklingsstyrkir

KBÓ kynnti stuttlega. Vinna er í gangi hjá AMÍ við tillögu að einstaklingsstyrkjum. Tekið verður tillit til úthlutaðra starfslauna við tillögur að einstaklingsstyrkjum. Ekki væri útilokandi að hafa fengið starfslaun því þau væru vegna framfærslu en einstaklingsstyrkirnir aðallega vegna kostnaðar við æfingar og mót. Taldi KBÓ að vinnan yrði kláruð í vikunni.

5. Úthlutun til sérsambanda

Umræða fór fram um heildarúthlutun til allra sérsambanda. Góð mynd er komin á fjárhæðir innan flokka hjá flestum sérsamböndum. Eftir er að fá tillögur frá AMÍ um einstaklingsstyrki. Lagt fyrir KBÓ um að senda sem fyrst lista til ASJ.

Umræða fór fram um sérsambönd þar sem verulegur munur er á úthlutun frá síðasta ári.

Lagt fyrir KSR að skoða betur nokkur sérsambönd, setja inn einstaklingsstyrkina í vikunni og senda drög að úthlutun til sjóðsstjórnar. Skoða svo útsendingu á drögum úthlutana til sérsambanda í kjölfarið.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 13.03